



G J A L D S K R Á
Fyrir leikskólana í Fjarðabyggð
Gildir frá 1.1.2024

Dvalargjöld

Dvalargjöld í leikskólum Fjarðabyggðar eru reiknuð mánaðarlega og reiknast út frá dvöl barns miðað við fjölda klst. á mánuði.

Almennt vistunargjald fyrir allt að 8 tíma vistun frá 08:00-16:00 mun frá og með 1. janúar 2024 vera 4.075 kr.

Viðbótar vistun umfram almennt vistunargjald fyrir hverjar 15 mínútur á tímabilinu fyrir kl 08:00 og eftir kl 16:00 mun frá og með 1. janúar 2024 vera 2.038 kr.

Hér að neðan er tafla sem tekur mið af mismunandi vistunartíma barns reiknað út frá vistunargjaldi per klst.:

Vistun	Dvalargjöld	50% afsláttur	30% afsláttur
4 tíma vistun	16,300	8,150	11,410
4,5 tíma vistun	18,338	9,169	12,836
5 tíma vistun	20,375	10,188	14,263
6 tíma vistun	24,450	12,225	17,115
7 tíma vistun	28,525	14,263	19,968
8 tíma vistun	32,600	16,300	22,820
8,5 tíma vistun	36,676	20,376	26,896

Skráningardagar

Frá og með 1. janúar 2024 þurfa foreldrar og forráðamenn að skrá nemendur sérstaklega í vistun á neðangreindum dögum fyrir 20. dag í mánuðnum á undan, annars er litið svo á að nemandinn sé í frí:

Vetrarfrí að vori: 15. – 16. febrúar

25. – 27. mars (3 dagar í dymbilviku)

Vetrarfrí að hausti

23. desember (mánudagur)

27. desember (föstudagur)

30. desember (mánudagur)

Afslættir

Veittur er 50 % afsláttur fyrir annað barn. Ekkert er greitt fyrir þriðja barn. Greiða ber fullt gjald fyrir það barn sem er í lengstri gjaldskyldri vistun. Afslættir reiknast eingöngu af almennu vistunargjaldi.

Tekjuviðmið

Foreldrar og forráðamenn sem falla undir sett tekjuviðmið geta sótt um að fá 30% afslátt af almennu dvalargjaldi, en fæðisgjald og viðbótar vistunargjald fellur ekki þar undir. Tekjuviðmið miðast við heimili og eru eftirfarandi:

- Foreldrar/forráðamenn með mánaðartekjur allt að 850.000 kr. eða árslaun 0-10.200.000 kr.
- Miðað er við meðaltekjur samkvæmt staðgreiðsluskrá fyrir síðustu 12 mánuði þegar umsókn um leikskólavist er send inn. Endurnýjaðri staðgreiðsluskrá þarf að skila inn til viðkomandi leikskóla fyrir 1. september ár hvert.
- Tekjuviðmið eru endurskoðuð af fræðslunefnd.



Fæðisgjald

Morgunhressing 2.637 - kr.
Síðdegishressing 2.637 - kr.
Hádegismatur 0 - kr.

Leikskólagjaldið greiðist fyrir fram, eindagi er 15. hvers mánaðar. Dragist greiðsla í tvo mánuði er litið svo á, að undangenginni viðvörun, að plássinu hafi verið sagt lausu.
Uppsagnarfrestur leikskólaplássa er 1 mánuður og miðast uppsögn við 1. hvers mánaðar.

Reglur um niðurfellingu leikskólagjalda

Ef um veikindi barns er að ræða sem vara 4 vikur eða lengur er hægt að fella niður leikskólagjöld um helming gegn framvísun læknisvottorðs.
Förföll langveikra barna og niðurfelling gjalda vegna þeirra verði metin af leikskólastjórum í hvert sinn. Leikskólagjöld falla niður í sumarfrí barna. Boðið er upp á 4 til 8 vikur á tímabilinu frá 15.mái til 15. september.

Fjarðabyggð 6. desember 2023


Jóna Arny Þórðardóttir
bæjarstjóri

Samþykkt í fræðslunefnd 31. október 2023
Samþykkt í bæjarráði 6. nóvember 2023
Samþykkt í bæjarstjórn 16. nóvember 2023